

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/2140
komudagur 21.5.1997

Húmanistahreyfingin á Íslandi

Fréttatilkynning

Yfirlýsing í tilefni af lögum um hækkun sjálfræðisaldurs.

Húmanistar fordæma fyrirhugaða lagasetningu um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18. Með þessu eru þúsundir ungs fólks sviftar sjálfræði og mannréttindi þeirra skert. Þessi lagasetning birtist undir því yfirskyni að verið sé að fást við vímuefnavanda ungs fólks. Hún afhjúpar hins vegar uppgjöf og úrræðaleysi ráðamanna og viðleitni þeirra til að kæfa mannsandann.

Húmanistar leggja áherslu á mikilvægi þess að kanna orsakir vandans, en fást ekki einungis við afleiðingar. Líta ber á samhengi vímuefnaneyslu, lífstíls almennt, peningahyggju og þeirrar leiðar sem þjóðfélagið er á.

Húmanistar hvetja til umræðu um það samfélag sem gerir lífið svo tilgangslaust fyrir ungar manneskjur að þær vilja helst flýja inn í draumaheim vímuefna.

Endurvakin krafa um aga á ungu fólki nú er örþrifarád valdamanna til þess að hylja eigið ábyrgðarleysi. Með þessu vilja þeir hindra að afleiðingar harðneskju þeirra og tillitsleysis komi fram. Með aganum á að fella alla í sama mót og svifta fólk frelsi til að móta eigið líf.

Húmanistar hvetja ungt fólk til þess að hefja umræður sín í milli um hvernig lífi það vill lifa, hvernig samfélag það vill og hvernig framtíð það vill fyrir sig og sína.

Reykjavík 14. maí 1997

F.h. Húmanistahreyfingarinnar

Methúsalem Þórisson
Vinnusími 568 4840 eða 568 4801;
fax 568 4841; netfang: dui@islandia.is